

REGLUGERÐ

fyrir Sjúkraliðaskóla Íslands og um réttindi og skyldur sjúkraliða.

I. KAFLI

Markmið og stjórn skólans.

1. gr.

Sjúkraliðaskóli Íslands er ríkisskóli og starfar undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

2. gr.

Hlutverk skólans er að annast lokaþátt í námi sjúkraliða og búa þá undir að aðstoða við hjúkrun sbr. 8. gr. Hjúkrunarlaga nr. 8/1974.

3. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar stjórn skólans þannig:

Tvo fulltrúa án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður, einn samkvæmt tilnefningu Hjúkrunarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Sjúkraliðafélags Íslands og einn samkvæmt tillögu nemenda.

Stjórnin skal skipuð til þriggja ára, nema fulltrúi nemenda, sem skipaður skal árlega.

Skólastjóri hefur tillögurétt á fundum skólastjórnar.

4. gr.

Stjórn skólans ræður skólastjóra og skal hann vera hjúkrunarfræðingur. Æskilegt er, að hann hafi lokið námi í kennslufræði og stjórnun.

Skólastjóri stjórnar daglegri starfsemi skólans og hefur umsjón með henni.

Skólastjóri ræður kennara að skólanum í samráði við skólastjórn.

II. KAFLI

Inntaka nemenda, námstími og námsefni.

5. gr.

Inntaka nemenda er í höndum skólastjóra og skólastjórnar.

Umsækjandi skal hafa lokið prófi tveggja ára heilsugæslubrauta framhaldsskóla (fjölbrautarskóla) eða hlotið hliðstæða menntun.

Skólastjórn er heimilt að ákveða lágmarkseinkunn í einstökum námsgreinum. Skólanum er heimilt að hafa inntökupróf.

6. gr.

Umsóknir um skólavist skal senda skólastjóra. Þeim skal fylgja:

1. Staðfest afrit af prófskirteini.
2. Læknisvottorð.
3. Sakavottorð.
4. Meðmæli frá vinnuveitanda og/eða skólastjóra.

7. gr.

Námstími nemenda í skólanum skal vera 40 vikur.

Skólanum skal sett námsskrá er ráðuneytið samþykkir. Skal þar getið um verklega og bóklega kennsluþætti og lokapróf. Til þess að standast próf þarf nemandi

að kunna skil á minnst 50% þess námsefnis, er hefur verið kennt. Nemandi er heimilt að endurtaka próf einu sinni og heimil endurseta í bekk einu sinni.

Á sama hátt skulu nemendur standast kröfur skólans í verknámi. Skólanum er heimilt að nota bókstafi eða tölustafi til einkunnagjafa.

8. gr.

Heilbrigðismálaráðuneytið skipar prófdómara eða samþykkir tillögur skólastjóra um prófdómara.

9. gr.

Verklegt nám skal vera 34 vikur og skiptast þannig í sjúkrastofnunum:

10—12 vikur á handlækningadeild

10—12 vikur á lyflækningadeild og

10—12 vikur á hjúkrunardeild eða í almennu sjúkrahúsi.

Verklega námið fer fram í stofnunum, er skólinn viðurkennir og ráðuneytið samþykkir. Skólastjóri skipuleggur það í samræði við hjúkrunarforstjóra viðkomandi stofnana.

Að lokinni námsdvöl á sérhverri deild fær nemandinn umsögn er hjúkrunar- deildarstjóri gefur.

10. gr.

Forfallist nemandi frá námi lengur en 14 daga lengist námið, sem því svarar.

III. KAFLI

Starfsréttindi og starfssvið sjúkraliða.

11. gr.

Rétt til þess að starfa sem sjúkraliði hér á landi og kalla sig sjúkraliða hefur sá einn, sem til þess hefur fengið löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

12. gr.

Löggildingu samkvæmt 11. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa prófi frá Sjúkraliðaskóla Íslands, sbr. 5. gr. þessarar reglugerðar.

13. gr.

Ráðherra getur veitt öðrum en þeim, sem 12. gr. tekur til, löggildingu eða tíma- bundið starfsleyfi, enda sanni viðkomandi að hann hafi menntun, sem sé sambæri- leg við próf úr viðurkenndum sjúkraliðaskóla skv. 12. gr.

Sjúkraliði hefur rétt til þess að starfa í samræmi við 14. gr. reglugerðar þessarar. Honum er óheimilt að stunda sjálfstæð hjúkrunarstörf.

14. gr.

Sjúkraliðar skulu starfa undir stjórn hjúkrunarfræðings.

Störf sjúkraliða:

Umbúnaður. Umbúnaður og skipting á mikið veikum sjúklingum með hjúkrunar- fræðingi.

Sjúklingum þvegið um andlit og hendur. Hárhirðing, munnhirðing, neðanþvottur, fótahirðing. Sjúklingar baðaðir í baðkari og í rúmi, og sé um mikið veikan sjúkling að ræða, þá með hjúkrunarfræðingi.

Hitamæling. Púlstalning. Blóðþrýstingsmæling.

Varnir gegn legusárum.

Fylgst með líðan sjúklinga.

Sjúklingum hjálpað á fætur og hagrætt í stól.
 Kalli sjúklinga svarað og flutt skilaboð.
 Gefin og tekin bekja. Tekin og merkt sýnishorn af þvagi og saur. Gefin stólpípa.
 Framreiðsla matar. Sjúklingum hagrætt fyrir og eftir máltíðir. Þeir sjúklingar
 mataðir, sem ekki geta borðað sjálfir.
 Búið um lík.
 Umbúðir gerðar.
 Tekin við blómum og öðru til sjúklinga og gestum þeirra leiðbeint.
 Notkun ýmissa hjálpargagna og hirðing á þeim.
 Hirðing á sjúkrastofum, skolherbergjum og lín. Hreinsun ýmissa hjúkrunar-
 gagna. Hirðing á blómum sjúklinga, blómavögnum og blómaskolum.
 Sjúkraliðar mega ekki taka til eða gefa lyf í sjúkrahúsum.

IV. KAFLI ÝMIS ÁKVÆÐI.

15. gr.

Skólanum skal heimilt að hafa námskeið fyrir sjúkraliða.

16. gr.

Kostnaður við rekstur Sjúkraliðaskóla Íslands skal greiddur úr ríkissjóði.
 Stofnanir, sem hafa nemendur í verknámi, skulu greiða þeim laun þann tíma
 samkv. samningi, er nemendur og fjármálaráðuneytið gera með sér. Þær skulu einnig
 sjá nemendum fyrir starfsklæðnaði og þvotti á honum.

17. gr.

Á þeim stöðum, þar sem ekki reynist unnt að fá hjúkrunarfræðing til starfa, má
 ráða sjúkraliða til hjúkrunarstarfa um skemmri tíma, og skal hann þá starfa undir
 stjórn læknis. Leita skal samþykkis ráðuneytisins hverju sinni.

Reglugerð þessi, sem selt er samkvæmt heimild í 8. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974,
 öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 542 frá 18. desember 1975.

Heilbrigðis- tryggingamálaráðuneytið 30. október 1980.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.

1. gr.

Við 11. gr., c-staflið, VI. tölulið bætist eftirfarandi:

„Ákvæði þetta tekur þó ekki til skeiðarsvampa sem innihalda medroxípróge-
 sterónacetat og notaðir eru til að samstillta gangmál hjá ám, enda sé notkun lyfsins
 eingöngu í höndum dýralæknis eða frjótæknis starfandi við sæðingastöð, en sæð-
 ingastöð má afla sér lyfsins, að fengnu skriflegu samþykki héraðsdýralæknis.“